

TILSKIPUN RÁÐSINS 94/33/EB

frá 22. júní 1994

um vinnuvernd barna og ungmenna

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með útgáfu tilskipana, samþykka lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum á vinnuumhverfi að því er varðar öryggi og heilsu launþega.

Samkvæmt þeirri grein skal með slíkum tilskipunum forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í 20. og 22. lið stofnskrár bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem var samþykkt á fundi leiðtoga-ráðsins í Strassborg hinn 9. desember 1989, segir:

„20. Með fyrirvara um reglur sem geta verið börnum og ungmennum hagstæðari, einkum þeim sem tryggja að þau fái næga starfsþjálfun áður en þau hefja störf, og með fyrirvara um undanþágur sem eru takmarkaðar við tiltekin störf af léttara tagi, má ekki ráða börn eða ungmenni, sem eru enn á skólaskyldualdri, til starfa og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára.

22. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir með það í huga að laga vinnuverndarákvæði sem gilda um börn og ungmenni þannig að þau taki mið af þörfum þeirra

til einstaklingsbundins þroska, starfsmenntunar og aðgangs að vinnumarkaðinum.

Einkum skal takmarka vinnutíma ungmenna undir 18 ára aldri — ekki má vera hægt að sniðganga þetta ákvæði með yfirvinnu — og banna næturvinnu, nema þegar um er að ræða tiltekin störf sem kveðið er á um í innlendum lögum eða reglum.“

Taka ber tillit til meginreglna Alþjóðavinnuálastofnunarinnar hvað varðar vinnuvernd barna og ungmenna, að meðtöldum ákvæðum um lágmarksaldur við starfsráðningu.

Í ályktun sinni um vinnu barna ⁽⁴⁾ tók Evrópuþingið saman ýmis atriði er varða vinnu barna og ungmenna og lagði meðal annars áherslu á áhrif hennar á heilsu þeirra, öryggi og andlegan og líkamlegan þroska og benti á þörfina á að sett verði tilskipun um samhæfingu löggjafar aðildarríkjanna á þessu sviði.

Í 15. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁵⁾ er kveðið á um að vernda beri áhættuhópa sem eru sérlega viðkvæmir fyrir hættum sem steðja einkum að þeim.

Börn og unglingar hljóta að teljast sérstakir áhættuhópar og því ber að gera ráðstafanir til að vernda öryggi þeirra og heilsu.

Vegna þess hve varnarlaus börn eru ber aðildarríkjunum að banna vinnu þeirra og tryggja að börn og ungmenni, sem eru enn á skólaskyldualdri samkvæmt landslögum, séu ekki ráðin til vinnu og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára. Einungis má heimila undanþágur frá banni við vinnu barna í sérstökum tilvikum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Hvað sem öðru líður mega slíkar undanþágur í engum tilvikum hafa skaðleg áhrif á skólagöngu barnanna eða koma í veg fyrir að þau geti nýtt sér hana til fullnustu.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 84, 4. 4. 1992, bls. 7.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 313, 30. 11. 1992, bls. 70.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. desember 1992 (Stjútíð. EB nr. C 21, 25. 1. 1993, bls. 167). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. nóvember 1993 (hefur ekki enn birst í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (Stjútíð. EB nr. C 91, 28. 3. 1994, bls. 89).

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. C 190, 20. 7. 1987, bls. 44.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

Með það umrót í huga sem fylgir því að breytast úr barni í fullþroska einstakling ber að fylgjast náið með vinnu unglinga á aldrinum 15 til 17 ára og vernda þá.

Sérhverjum vinnuveitanda ber að tryggja börnum og ungmennum vinnuskilyrði sem hæfa aldri þeirra.

Vinnuveitendum ber að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að vernda öryggi og heilsu barna og ungmenna á grundvelli mats á áhættu sem starfið getur skapað þeim.

Aðildarríkjunum ber að vernda börn og ungmenni gegn hverri þeirri áhættu sem ungur aldri þeirra og reynsluleysi getur skapað þeim, eða grandvaraleysi þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi.

Af þeim sökum ber aðildarríkjunum að banna að börn og ungmenni séu ráðin í þau störf sem eru tilgreind í þessari tilskipun.

Með því að samþykkja sérstakar lágmarkskröfur um skipulag vinnutíma má bæta vinnuskilyrði barna og ungmenna.

Setja skal strangar reglur um hámarksvinnutíma barna og ungmenna og bann við að þau stundi næturvinnu, að undanskildum tilteknum störfum sem sérstaklega er kveðið á um í innlendra löggjöf eða stjórnsýslufyrirmælum.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja að atvinnuþátttaka unglinga á aldrinum 15 til 17 ára sem stunda skólanám hafi ekki skaðleg áhrif á námsástundun þeirra.

Þegar börn og ungmenni vinna hjá fyrirtæki, og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi, ber að líta á þann tíma sem þetta nám tekur sem vinnutíma.

Til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og ungmenna ber þeim að fá lágmarkshvildartíma — daglega, vikulega og á ársgrundvelli — og viðunandi hlé.

Hvað vikulegan hvíldartíma varðar skal taka tilhlýðilegt tillit til ólíkrar menningar, þjóðernis, trúarbragða og annarra þátta sem eru fyrir hendi í aðildarríkjunum. Þegar upp er staðið er það í verkahring hvers aðildarríkis um sig að ákveða hvort sunnudagar skuli teljast til vikulegs hvíldartíma og þá í hve ríkkum mæli.

Hæfileg starfsreynsla af vinnumarkaði getur stuðlað að því markmiði að búa ungmenni undir líf og starf í samfélagi fullorðinna, að því tilskildu að tryggt sé að hún hafi ekki skaðleg áhrif á öryggi þeirra, heilsu og þroska.

Enda þótt nauðsynlegt geti reynst að heimila undanþágur frá tilteknum ákvæðum og takmörkunum þessarar tilskipunar, í tengslum við ákveðna starfsemi eða sérstakar aðstæður, má ekki beita þeim á þann veg að það brjóti í bága við þær meginreglur sem liggja til grundvallar ákvæðum um verndun barna og ungmenna.

Með þessari tilskipun næst áþreifanlegur árangur í að koma félagslegum markmiðum innra markaðarins í framkvæmd.

Við útfærslu verndarkerfisins sem kveðið er á um í þessari tilskipun verða aðildarríkin að gera ráðstafanir sem skila árangri og eru við hæfi.

Framkvæmd sumra ákvæða þessarar tilskipunar skapar ákveðin vandamál í einu aðildarríkjanna að því er varðar ákvæði þess um vinnuvernd barna og ungmenna. Því ætti að heimila þessu aðildarríki að víkja frá viðkomandi ákvæðum um hæfilegt skeið.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

1. gr.

Markmið

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna.

Þau skulu sjá til þess, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að börn og ungmenni, sem eru enn á skólaskyldualdri samkvæmt landslögum, séu ekki ráðin til vinnu og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fylgst sé náið með vinnu unglinga á aldrinum 15 til 17 ára og þau vernduð samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

3. Aðildarríkin skulu almennt tryggja að vinnuveitendur skapi börnum og ungmennum vinnuskilyrði sem hæfa aldri þeirra.

Þau skulu tryggja að börn og ungmenni séu vernduð gegn arðráni og gegn hverri þeirri atvinnu sem getur skaðað öryggi þeirra, heilsu eða líkamlegan, andlegan, siðferðilegan eða félagslegan þroska þeirra eða haft truflandi áhrif á menntun þeirra.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem hafa ráðningarsamning eða ráðningarkjör sem eru skilgreind í gildandi lögum aðildarríkis og/eða falla undir gildandi lög aðildarríkis.

2. Aðildarríki geta með lögum eða stjórnáslufyrirmælum kveðið á um að þessi tilskipun gildi ekki, innan þeirra takmarka og með þeim skilyrðum sem eru sett í lögum eða stjórnáslufyrirmælum, um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma, að því er varðar:

- heimilisaðstoð á einkaheimilum, eða
- vinnu, sem hvorki telst skaðleg né hættuleg börnum og ungmennum, í fjölskyldufyrirtæki.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „ungmenni“: einstaklingur undir 18 ára aldri sem um getur í 1. mgr. 2. gr.;
- „barn“: ungmenni sem er undir 15 ára aldri eða ungmenni sem er í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum;
- „unglingur“: ungmenni sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum;
- „starf af léttara tagi“: hvert það starf sem, vegna eðlis þeirra verkefna sem í því felast eða sérstakra aðstæðna við framkvæmd þeirra:
 - hefur ekki skaðleg áhrif á öryggi, heilsu eða þroska barna, og
 - er ekki þess eðlis að það komi niður á skólagöngu þeirra, þátttöku þeirra í starfsleiðbeiningar- eða starfsmenntunarátætlunum, sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt, eða getu þeirra til að nýta sér ávinning þess náms sem þau hafa stundað;
- „vinnutími“: sá tími sem ungmenni er við störf, eða er vinnuveitanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við innlenda löggjöf og/eða réttarvenju;
- „hvíldartími“: tími sem telst ekki til vinnutíma.

4. gr.

Bann við vinnu barna

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna.

2. Með tilliti til markmiðanna sem fram koma í 1. gr., geta aðildarríkin með lögum eða stjórnáslufyrirmælum ákveðið að bann við vinnu barna gildi ekki um:

- börn sem taka þátt í þeirri starfsemi sem kveðið er á um í 5. gr.;
 - börn sem hafa náð 14 ára aldri er vinna hjá fyrirtæki, og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi, enda fari slík vinna fram í samræmi við skilyrði sem lögbært yfirvald setur;
 - börn sem hafa náð 14 ára aldri og stunda önnur störf af léttara tagi en þau sem fjallað er um í 5. gr.; 13 ára börn geta þó stundað önnur störf af léttara tagi en þau sem fjallað er um í 5. gr. í takmarkaðan stundafjölda á viku þegar um ákveðna verkefnaflokka, sem eru tilteknir í landslögum, er að ræða.
3. Aðildarríki sem nýta sér ákvæði c-liðar 2. mgr. skulu, með fyrirvara ákvæði þessarar tilskipunar, kveða á um vinnuskilyrði vegna umræddra starfa af léttara tagi.

5. gr.

Menningarstarfsemi og önnur áþekk starfsemi

- Einungis er heimilt að ráða börn til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum, íþróttá- eða auglýsingastarfsemi að fyrirfram hafi fengist leyfi til þess hjá lögbæru yfirvaldi í hverju einstöku tilviki um sig.
- Aðildarríkin skulu með lögum eða stjórnáslufyrirmælum mæla fyrir um starfsskilyrði barna í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. og hvernig staðið skuli að fyrirframveitingu leyfis, enda sé þessi starfsemi:
 - ekki líkleg til að hafa skaðleg áhrif á öryggi, heilsu eða þroska barna, og
 - ekki þess eðlis að hún komi niður á skólagöngu þeirra, þátttöku þeirra í starfsleiðbeiningar- eða starfsmenntunarátætlunum, sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt, eða getu þeirra til að nýta sér ávinning þess náms sem þau hafa stundað.
- Þrátt fyrir málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. geta aðildarríkin, með lögum eða stjórnáslufyrirmælum, í samræmi við skilyrði sem þau setja, heimilað að ráða megi börn sem hafa náð 13 ára aldri til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum, íþróttá- eða auglýsingastarfsemi.
- Aðildarríki sem hafa sérstakar reglur um starfsleyfi til handa fyrirsætuskrifstofum með tilliti til starfa barna geta látið þær reglur gilda áfram.

II. ÞÁTTUR

6. gr.

Almennar skyldur vinnuveitenda

- Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda öryggi og heilsu

barna og ungmenna, einkum með því að taka tillit til þeirra sérstöku áhættuþátta sem um getur í 1. mgr. 7. gr.

2. Vinnuveitandinn skal gera ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 1. mgr. á grundvelli mats á áhættu sem vinnan getur skapað börnum og ungmennum.

Matið verður að fara fram áður en börn eða ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar verða gerðar á starfsskilyrðum, en við það skulu eftirtalin atriði einkum skoðuð:

- a) innréttingar og búnaður vinnustaðar og verkstöðvar;
- b) eðli og umfang eðlis-, efna- og líffræðilegra áhrifavalda og hve langvarandi þeir eru;
- c) innréttingar, val og notkun á búnaði sem tengist starfinu, má þar nefna áhrifavalda ýmiss konar, vélar, tæki og áhöld og hvernig þau eru meðhöndluð;
- d) skipulag vinnuferla og vinnutillögunar og samspilið milli þeirra (skipulag vinnunnar);
- e) hvernig börn og ungmenni eru þjálfuð og búin undir starfið.

Ef matið sýnir að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennanna er stofnað í hættu skal séð til þess að fram fari, með reglulegu millibili og þeim að kostnaðarlausu, viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna, samanber þó tilskipun 89/391/EBE.

Ókeypis heilbrigðisskoðun og -eftirlit getur farið fram innan ramma innlenda heilbrigðiskerfisins.

3. Vinnuveitandinn skal kynna börnum og ungmennum hugsanlega áhættu og allar ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja öryggi þeirra og heilsu.

Enn fremur ber honum að kynna foreldrum barna eða forráðamönnum hugsanlega áhættu og allar ráðstafanir sem eru gerðar með tilliti til öryggis þeirra og heilsu.

4. Vinnuveitandinn skal gera ráð fyrir verndar- og forvarnarþjónustu, eins og um getur í 7. gr. tilskipunar 89/391/EBE, við skipulagningu, framkvæmd og eftirlit með öryggis- og heilbrigðisskilyrðunum sem gilda í tengslum við vinnu barna og ungmenna.

7. gr.

Varnarleysi barna og ungmenna — Bann við vinnu

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að börn og ungmenni séu varin fyrir öllum þeim hættum sem öryggi þeirra, heilsu og þroska er búin og rekja má til ungs aldurs þeirra og reynsluleysis, grandvaraleysis þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi eða þess að þau hafa ekki náð fullum þroska.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. skulu aðildarríkin banna að börn og ungmenni séu ráðin til:

- a) vinnu sem er sannanlega ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra;
- b) vinnu sem felur í sér að þau verða fyrir áhrifum eiturfefna, krabbameinsvaldandi efna, efna sem geta valdið arfgengum skaða á erfðaeftum, efna sem geta valdið fósturskemmdum eða með öðrum hætti geta valdið mönnum varanlegu heilsutjóni;
- c) vinnu þar sem menn verða fyrir skaðlegri geislun;
- d) vinnu þar sem fyrir hendi er slyshætta sem gera má ráð fyrir að börn og ungmenni geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun; eða
- e) vinnu sem stofnar heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda eða hita, eða hávaða eða titrings.

Vinna sem getur skapað sérstaka hættu fyrir börn og ungmenni í skilningi 1. mgr. er meðal annars:

- vinna sem felur í sér að viðkomandi verði fyrir eðlis-, efna- og líffræðilegum áhrifavöldum sem um getur í I. lið viðaukans, og
- vinnsluferli og störf sem um getur í II. lið viðaukans.

3. Aðildarríkin geta með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum heimilað undanþágur frá 2. mgr., þegar um er að ræða unglinga og slíkar undanþágur eru óhjákvæmilegar vegna starfsnáms þeirra, að því tilskildu að öryggi þeirra og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings í skilningi 7. gr. tilskipunar 89/391/EBE og að því tilskildu að sú vernd sem kveðið er á um í þeirri tilskipun sé tryggð.

III. ÞÁTTUR

8. gr.

Vinnutími

1. Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka vinnutíma barna við:

- a) átta stundir á dag og 40 stundir á viku ef í hlut eiga börn er vinna hjá fyrirtæki og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi;
- b) tvær stundir á skóladegi og 12 stundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma, að því tilskildu að þetta sé ekki bannað samkvæmt innlendri löggjöf og/eða réttarvenju;

daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö stundir; þessi mörk má hækka í átta stundir ef í hlut eiga börn sem hafa náð 15 ára aldri;

- c) sjö stundir á dag og 35 stundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á minnst einni viku á tíma sem skólinn starfar ekki; þessi mörk má hækka í átta stundir á dag og 40 stundir á viku ef í hlut eiga börn sem hafa náð 15 ára aldri;
- d) sjö stundir á dag og 35 stundir á viku þegar um er að ræða vinnu af léttara tagi unna af börnum sem eru ekki lengur í skyldunámi samkvæmt landslögum.
2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka vinnutíma unglunga við átta stundir á dag og 40 stundir á viku.
3. Þegar ungmenni vinnur hjá fyrirtæki, og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi, ber að líta á þann tíma sem þetta nám tekur sem vinnutíma.
4. Ef ungmenni starfar hjá fleiri en einum vinnuveitanda skal miða við samanlagðan vinnudaga- og vinnustunda-fjölda.
5. Aðildarríkin geta, með laga- eða stjórnsluákvæðum, heimilað undanþágur frá ákvæðum a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum eða ef réttmætar ástæður leyfa.
- Aðildarríkin skulu, með laga- eða stjórnsluákvæðum, ákveða skilyrði, takmörk og málsmeðferð við framkvæmd slíkra undanþagna.

9. gr.

Næturvinna

1. a) Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6.
- b) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu unglunga annaðhvort á tímabilinu frá kl. 22 til kl. 6 eða frá kl. 23 til kl. 7.
2. a) Aðildarríkin geta með laga- eða stjórnsluákvæðum heimilað vinnu unglunga á sérstökum starfs-sviðum á þeim tíma sem næturvinna er bönnuð eins og um getur í b-lið 1. mgr.
- Þegar svo ber undir skulu aðildarríkin gera við-eigandi ráðstafanir og sjá til þess að fullorðinn einstaklingur hafi umsjón með unglingnum ef þörf er á slíkri umsjón til verndar unglingnum.
- b) Ef a-lið er beitt er vinna á tímabilinu frá kl. 24 til kl. 4 engu að síður bönnuð.
- Þó geta aðildarríkin með lögum eða stjórnslufyrirmælum í eftirfarandi tilvikum heimilað unglingum að vinna á tímabilinu þar sem næturvinna er bönnuð, þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu

að unglingarnir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma og að markmið 1. gr. séu ekki dregin í efa:

- þegar um er að ræða vinnu við sjómennsku og fiskveiðar;
- þegar um er að ræða vinnu er tengist herþjónustu eða löggæslu;
- þegar um er að ræða vinnu á sjúkrahöfnum eða sambærilegum stofnunum;
- þegar um er að ræða störf á sviði menningarmála, lista, íþróttar eða auglýsinga.

3. Unglingar skulu, áður en þeir hefja næturvinnu og með reglulegu millibili eftir það, eiga rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni, sér að kostnaðarlausu, nema þeir vinni einungis í undantekningartilvikum á þeim tíma sem vinna er bönnuð.

10. gr.

Hvíldartími

1. a) Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að börn fái minnst 14 stunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.
- b) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unglingar fái minnst 12 stunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.
2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að á hverju sjö daga tímabili:
- fái börn, sem þau hafa látið ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. gilda um, og
 - unglingar
- minnst tveggja daga hvíldartímabil, sem skal vera samfellt ef kostur er.
- Ef slíkt er réttlætanlegt af tæknilegum eða skipulagslegum ástæðum er heimilt að stytta lágmarkshvíldartímamann, en hann má aldrei vera styttri en 36 samfelldar stundir.
- Lágmarkshvíldartímaminn sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein skal að jafnaði taka til sunnudags.
3. Aðildarríkin geta með lögum og stjórnslufyrirmælum sett ákvæði sem heimila að vikið sé frá lágmarkshvíldartímanum sem um getur í 1. og 2. mgr. þegar um er að ræða vinnu sem skiptist niður í margar styttri vinnulotur eða er skipt upp yfir daginn.
4. Aðildarríkin geta með lögum og stjórnslufyrirmælum veitt undanþágur frá b-lið 1. mgr. og 2. mgr. vegna unglunga í eftirfarandi tilvikum, þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að þeir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma og að markmið 1. gr. séu ekki dregin í efa:
- a) þegar um er að ræða vinnu við sjómennsku og fiskveiðar;
 - b) þegar um er að ræða vinnu er tengist herþjónustu eða löggæslu;
 - c) þegar um er að ræða vinnu á sjúkrahöfnum eða sambærilegum stofnunum;

- d) þegar um er að ræða störf á sviði landbúnaðar;
- e) þegar um er að ræða störf á sviði ferðamála eða í hótél- og veitingarekstri;
- f) þegar um er að ræða vinnu sem skiptist í styttri vinnulotur yfir daginn.

11. gr.

Árlegur hvíldartími

Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu sjá til þess að börn og ungmenni, sem heyra undir innlend ákvæði um skólaskyldu í fullu námi, fái, að svo miklu leyti sem hægt er, samfelld frí frá vinnu einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur.

12. gr.

Hlé

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að börn og ungmenni fái minnst 30 mínútna hlé, sem skal vera samfelld ef kostur er, ef daglegur vinnutími er lengri en fjórir og hálfur tími.

13. gr.

Vinna unglunga í óviðráðanlegum tilvikum

Aðildarríkin geta með lögum og stjórnáskilum veitt undanþágur frá ákvæðum 2. mgr. 8. gr., b-lið 1. mgr. 9. gr., b-lið 1. mgr. 10. gr. og að því er unglunga varðar frá ákvæðum 12. gr., ef um er að ræða vinnu við þær kringumstæður sem um getur í 4. mgr. 5. gr. í tilskipun 89/391/EBE, að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið, að ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn og unglungarnir fái samsvarandi uppbótarhvíldartíma á næstu þremur vikum.

IV. ÞÁTTUR

14. gr.

Ráðstafanir

Hvert aðildarríki um sig ákveður til hvaða ráðstafana skuli grípa ef til þess kemur að ákvæði sem eru sett til framkvæmdar þessari tilskipun eru brotin; slíkar ráðstafanir verða að vera árangursríkar og í réttu hlutfalli við brotið.

15. gr.

Aðlögun viðaukans

Tæknileg aðlögun viðaukans með tilliti til tækniframfara, breytinga á alþjóðlegum reglum eða forskriftum og aukinnar þekkingar á því sviði sem þessi tilskipun fjallar um skal fara fram í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

16. gr.

Ákvæði sem hefur ekki takmarkandi áhrif

Með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að hafa mótandi áhrif á ýmis ákvæði á sviði vinnuverndar barna og ungmenna, eftir því sem aðstæður breytast, getur framkvæmd þessarar tilskipunar ekki talist réttmætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr almennri vinnuvernd barna og ungmenna, enda sé lágmarkskröfum sem kveðið er á um í þessari tilskipun fullnægt.

17. gr.

Lokaákvæði

1. a) Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilum til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 22. júní 1996, eða fullvissa sig um í síðasta lagi þann dag að aðilar vinnumarkaðarins hafi með almennum samningum sett viðeigandi ákvæði, enda ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir er gera þeim kleift að ábyrgjast að ákvæðum þessarar tilskipunar sé ætíð fullnægt.

- b) Breska konungsríkið getur þó látið vera að beita ákvæðum fyrstu undirgreinar b-liðar 1. mgr. 8. gr., að því er varðar hámarksvinnutíma á viku, og einnig ákvæðum 2. mgr. 8. gr. og b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. í fjögur ár frá þeim degi sem er tilgreindur í a-lið.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu um áhrif þessa ákvæðis.

Ráðið ákveður, í samræmi við skilyrði sáttmálans, hvort heimilt er að framlengja þetta tímabil.

- c) Aðildarríkin skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um eiginlega framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar þar sem fram koma sjónarmið aðila vinnumarkaðarins.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni.

5. Framkvæmdastjórnin skal með reglulegu millibili leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um beitingu þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til 1., 2., 3. og 4. mgr.

18. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 22. júní 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

E. YIANNOPOULOS

forseti.

VIDAUKI

Skrá sem er ekki tæmandi yfir áhrifavalda, vinnsluferli og störf

(Önnur undirgrein 2. mgr. 7. gr.)

I. Áhrifavaldar1. *Eðlisfræðilegir áhrifavaldar*

- a) Jónandi geislun.
- b) Vinna við háan loftþrýsting, t.d. í háþrýstiklefum eða við köfun.

2. *Líffræðilegir áhrifavaldar*

- a) Líffræðilegir áhrifavaldar sem falla undir 3. og 4. flokk í skilningi d-liðar 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽¹⁾.

3. *Efnafræðilegir áhrifavaldar*

- a) Efni og efnablöndur sem eru flokkuð samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ⁽²⁾, með áorðnum breytingum, og tilskipun ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum ⁽³⁾ sem eitruð (T), mjög eitruð (Tx), ætandi (C) eða sprengifim (E).
- b) Efni og efnablöndur sem eru flokkuð samkvæmt tilskipunum 67/548/EBE og 88/379/EBE sem skaðleg (Xn) og sem hafa fengið eina eða fleiri af eftirfarandi hættusetningum:
 - hætta á varanlegu heilsutjóni (H39),
 - getur valdið varanlegu heilsutjóni (H40),
 - getur valdið ofnæmi við innöndun (H42),
 - getur valdið ofnæmi í snertingu við húð (H43),
 - getur valdið krabbameini (H45),
 - getur valdið arfgengum skaða á erfðaeefni (H46),
 - hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi áreitun (H48),
 - getur dregið úr frjósemi (H60),
 - getur framkallað fósturskemmdir (H61).
- c) Efni og efnablöndur sem eru flokkuð samkvæmt tilskipunum 67/548/EBE og 88/379/EBE sem ertandi (Xi) og sem hafa fengið eina eða fleiri af eftirfarandi hættusetningum:
 - gífurlega eldfimt (H12),
 - getur valdið ofnæmi við innöndun (H42),
 - getur valdið ofnæmi í snertingu við húð (H43).
- d) Efni og efnablöndur sem um getur í c-lið 2. gr. í tilskipun ráðsins 90/394/EBE frá 28. júní 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽⁴⁾.
- e) Blý og blýsambönd að svo miklu leyti sem mannslíkaminn getur tekið upp þessa áhrifavalda.
- f) Asbest.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 374, 31. 12. 1990, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. 196, 16. 8. 1967, bls. 1. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/679/EBE (Stjtið. EB nr. L 268, 29. 10. 1993, bls. 71).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/18/EBE (Stjtið. EB nr. L 104, 29. 4. 1993, bls. 46).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.

II. Vinnsluferli og störf

1. Vinnsluferli og störf sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/394/EBE.
 2. Vinna við framleiðslu og meðhöndlun véla, skotelda eða annarra hluta sem innihalda sprengiefni.
 3. Vinna með villt eða skaðvænleg dýr.
 4. Vinna við iðnaðarslátrun dýra.
 5. Störf sem felast í meðhöndlun búnaðar til framleiðslu, geymslu eða notkun á þjöppuðum, fljótandi eða uppleystum lofttegundum.
 6. Vinna við tanka, keröld, geyma eða flöskur sem innihalda efnafræðilega áhrifavalda eins og um getur í lið 1.3.
 7. Vinna sem felur í sér hættu á hruni.
 8. Vinna sem felur í sér hættu á háspennurafstraumi.
 9. Vinna sem er greidd sem ákvæðisvinna og þar sem vinnuhraði ákvarðast af vélbúnaði.
-